

## 5. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 19. október 2016 kl. 20:00.

**Mættir eru:** Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Hjalti Þorvarðarson og Sverrir Einarsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.

**Forföll boðuðu:** Jóhann Helgi Konráðsson og Viktor S. Pálsson.



### 1. Fjárhagsstaða Umf. Selfoss

Farið var yfir fjárhagsstöðu allra deilda félagsins eins og það lá fyrir eftir níu mánuði. Vel hefur gengið að innheimta bókhald og hafa flestar deildir skilað á réttum tíma. Því er beint til deilda að skila gögnum til bókara mánaðarlega. Framkvæmdastjóra var falið að fá nánari upplýsingar um einstaka atriði hjá bókara félagsins.

### 2. Kynningarfundur með bæjarstjórn

Samþykkt að þiggja boð framkvæmdastjóra Sveitarfélagsins Árborgar um kynningarfund með bæjarfulltrúum fimmtudaginn 26. október kl. 16.

### 3. Skyndihjálparnámskeið

Samþykkt að bjóða upp á skyndihjálparnámskeið fyrir alla þjálfara Umf. Selfoss í nóvember. Styrkur hefur fengist í verkefnið frá UMFÍ.

### 4. Samstarfsverkefni í Danmörku

Samþykkt að framkvæmdastjóri félagsins fari ásamt fulltrúa HSK og UMFÍ til Danmerkur til að undirbúa umsókn um mögulegt samstarfsverkefni Umf. Selfoss, HSK og UMFÍ við sambærilega aðila í Danmörku.

### 5. Fatnaður frá Jako

Ganga frá því að afhenda fatnað frá Jako á fundi aðalstjórnar í desember.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 21:21.  
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**